

## **Flóahreppur, Þingborg, 801 Selfoss**

### **Álagning fasteignagjalda 2018**

#### **a-flokkur 0,50% af fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

#### **b-flokkur 1,32% af fasteignamati:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

#### **c-flokkur 1,65% af fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

#### **Lóðarleiga er 1% af lóðamati.**

#### **Vatnsgjald:**

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati eignar. Lágmarksálagning er 20.000 kr. og hámarksálagning er 39.500 kr. á íbúðarhús. Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 33.500.

#### **Gjalddagareglur:**

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október, og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

**Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út nema til þeirra sem þess óska heldur sendir rafrænt á [island.is](http://island.is). Greiðsluseðlar verða sendir út til allra fyrirtækja en ekki annarra nema sérstaklega hafi verið óskað eftir því.**

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 eða á netfanginu [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)